

Tillaga til 436. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. maí 2019

Bæjarstjóri leggur til við bæjarstjórn að taka undir eftirfarandi umsagnir frá 83. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar og 519. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, vegna beiðni Íslenska Kalkþörungafélagsins, Bildudal, um framleiðsluaukningu.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun, nefndin telur framkvæmdin því ekki háða mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til innsendra gagna og viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum hefur skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslenska Kalkþörungafélagsins. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 1. viðauka vegna framkvæmda í flokki B, í lögum um mat á umhverfisáhrifum, er það niðurstaða nefndarinnar að framleiðsluaukning sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Nefndin bendir á að vegna fyrri vandamála vegna rykmengunar, þá sé mikilvægt að tíðni mælinga sé aukinn á meðan nýr hreinsibúnaður er tekin í notkun, einnig eftir að fullri starfsemi er náð. Þannig að tryggt verði að starfsemin uppfylli kröfur starfsleyfis að losunarmörk verði undir viðmiðunarmörkum.

2. Skipulagsstofnun óskar umsagnar Ísafjarðarbæjar - Íslenska kalkþörungafélagið - 2016070031

Lagt er fram að nýju bréf Jóns Smára Jónssonar, f.h. Skipulagsstofnunar, dags. 9. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna beiðni Íslenska Kalkþörungafélagsins, Bildudal, um framleiðsluaukningu. Fyrirspurn Íslenska Kalkþörungafélagsins um matsskyldu vegna framleiðsluaukningar á Bildudal gefin út í apríl 2019 er jafnframt lögð fram til kynningar. Erindið var síðast á dagskrá 15. apríl sl., og óskaði bæjarráð eftir umsögnum frá umhverfis- og framkvæmdanefnd og skipulags- og mannvirkjanefnd, sem jafnframt eru lagðar fram. Skipulagsstofnun hefur framlengt umsagnarfrest Ísafjarðarbæjar til 3. maí.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda inn umsögn í samræmi við umsagnir umhverfis- og framkvæmdanefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar.